

2. fundur, mánudaginn 12. september 2016 kl. 17.

Dagskrá:

- Frístundakynningin 1. september s.l.
 - Haft var samband við íþrótt- og tómstundaaðila í hverfinu og nærumhverfinu og stuðst við vefsíðuna fristund.is til að finna þá
 - Kynningaraðilar tóku mjög vel í þetta framtak og mættu all flestir þeirra sem haft var samband við þrátt fyrir stuttan fyrirvara (tölvupóstur sendur á föstudegi og kynning á fimmtudegi), auk þess sem einn aðili, sem við höfðum ekki samband við, hafði samband að fyrra bragði og spurði hvort hann mætti vera með sem var auðsótt. Ástæða þess að ekki var haft samband við þann aðila er að hann er ekki inni á áðurnefndri vefsíðu þar sem námskeið viðkomandi er ókeypis og því ekki þörf á frístundakorti Reykjavíkurborgar.
 - Mæting foreldra og nemenda var mjög dræm. Kynningin var kl. 16-18 og mættu flestir um kl. 17.
 - Hafa aðra að vori? Þrátt fyrir dræma mætingu voru kynningaraðilar mjög ánægðir með framtakið og voru mjög jákvæðir gagnvart því að hafa svona kynningar oft, t.d. að vori til að kynna sumarnámskeið.
 - Hvað má gera betur? Hafa má betri fyrirvara á kynningunni svo kynningaraðilar geti undirbúið sig. M.a. var rætt um að hafa lifandi tónlist frá tónlistarskólunum, dans frá dansskólum, fót- og handbolta frá t.d. Fylki o.s.frv., s.s. gera kynninguna meira lifandi.
- Fyrirlestur með Vöndu Sigurgeirsdóttur þriðjudaginn 27. 9. Kl. 19:30
 - Samstarf við Ártúns- og Selásskóla?
- Afmælishátíð Árbæjarskóla – afmælisnefnd
 - Sendur verður póstur til foreldra og þeim boðið að bjóða sig fram. Upplagt væri að fá t.d. foreldra sem voru sjálfir nemendur við skólann.
- Önnur mál